

Ed.

257. Nefndarálit

[123. mál]

um frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Minni hluti nefndarinnar: Gíls Guðmundsson, Helgi Bergs og Ólafur Jóhannesson, mun skila sérálit.

Undir athugun málsins í nefndinni leitaði hún upplýsinga hjá forstöðumanni Efnahagsstofnunar ríkisins, Jónasi Haralz, um ýmis atriði frumvarpsins. Þá ræddi nefndin einnig við fulltrúa frá eftirtöldum hagsmunasamtökum og leitaði álits þeirra um málið: Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi isl. útvegsmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarútflutningsdeild Sambands isl. samvinnufélaga.

Það er sameiginlegt álit allra framangreindra aðila, að efni þess frumvarps, sem hér um ræðir, sé í grundvallaratriðum hið sama og gert var ráð fyrir, þegar gengið var frá fiskverðsákvörðun fyrir yfirstandandi ár.

Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar eru um nokkur atriði, er miða að nánari skilgreiningu um framkvæmd laganna í einstökum atriðum.

Alþingi, 22. febr. 1966.

Jón Árnason,
form., frsm.

Friðjón Skarphéðinsson,
fundaskr.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Sveinn Guðmundsson.